



Vatnajökulsþjóðgarður - Norðursvæði
Fundur svæðisráðs
5. nóvember 2013
Haldinn á Laugum

Mætt: Böðvar Pétursson (formaður) frá Skútustaðahreppi, Friðrika Sigurgeirsdóttir frá Þingeyjarsveit, Sigurjón Benediktsson frá Norðurþingi, Sigprúður Stella Jóhannsdóttir frá umhverfisverndarsamtökum, Grétar Ingvarsson frá samtökum útivistarféлага og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir hálendisfulltrúi sem ritaði fundargerð.

1. Þjóðgarðsvörður samdi við framkvæmdastjóra VJB um að starfa aðra hverja viku á Akureyri fram í apríl. Svæðisráð gerir ekki athugasemdir við það fyrirkomulag svo lengi sem það hefur ekki tiltakanleg áhrif á starfið og lögheimili verður áfram í sveitarfélaginu.
2. Helstu þættir í starfi VJB – Jóhanna Katrín.
 - a. Gestafjöldi hefur aukist til muna á milli ára. Bráðabirgðatölur úr bílatalningum bera vott um gríðarlega aukningu á milli ára við Dettifoss að vestan, 40% í júlí – enn meira á vormánuðum. Rekstur tjaldsvæða í Jökulsárgljúfrum var ágætur í júlí, annars slakari.
 - b. Í tengslum við innleiðingu VAKANS lögðu starfsmenn norðursvæðis mikla vinnu í gerð Gæðahandbókar VJB. Þar er kominn rammi sem þegar í fyrstu útgáfu hefur markað starfsemi hinna fjögurra rekstrarsvæða samræmdari vinnubrögð og faglegra verklag.
 - c. Rekstur landvörslu á norðursvæði gekk vel, öflugt starfsfólk. Fjölgun var á vinnuvikum landvarða á vormánuðum, sem m.a. gaf færi á daglegri viðveru við Dettifoss að vestan sem og aukinni landvörslu á hálendi, vestan Öskju. Í Ásbyrgi gegndu reyndir starfsmenn nýjum ábyrgðarstöðum aðstoðarmanns þjóðgarðsvarðar og yfirlandvarðar, gekk mjög vel.
 - d. Nýtt form landvörslu á hálendi. Samstarfi við Ferðafélag Akureyrar um land- og skálavörslu í Ódáðahrauni var hætt. Nýtt rekstrarform gekk vel og þar að þakka reyndu starfsfólki og nýmæli í formi „vegalandvörslu“ (fræðsla á vegum úti). Tímabundið starfsmannahúsnæði í formi hjólhýsis reyndi á daglegt líf á fjöllum en varanlegt starfsmannahús er í smíðum.
 - e. Dettifoss vestan allt árið. Vetrarlandvarsla er hafin, kömrum haldið opnum, gönguleið stikuð með snjóstikum og varúðarmerkingar uppfærðar miðað við aðstæður. Ferðaþjónustuaðilum haldið upplýstum með tölvupóstum. Vegagerð heitir ruðningi vegarins allt að tvisvar í viku fram að áramótum.
 - f. Ný ákvæði Stjórnunar- og verndaráætlunar. Þau ákvæði sem breyttust á norðursvæði náðist að framkvæma í sumar. Þar með talin er stikun vegar norðan Dyngjufjalla, við Kattbeking og Svartá.
3. Hápunktar í starfi stjórnar – Böðvar.
 - a. Stjórnarformannsskipti urðu í september, Kristveig Sigurðardóttir hætti störfum og við tók Hjalti Þór Vignisson.
 - b. Stjórnunar- og verndaráætlun samþykkt af ráðherra, með athugasemd varðandi Vonarskarð. Ófrágengið er innan stjórnar hvernig við því verður brugðist.

- c. Vatnajökulsþjóðgarður varð á vordögum aðili að VAKANUM, gæða- og umhverfiskerfi ferðarþjónustunnar.
 - d. Stækkun varð á VJB á austursvæði á vordögum þegar Krepputunga og Hvannalindir bættust við.
 - e. Atvinnustefna VJB er í vinnslu, verði klár fyrir næsta sumar.
 - f. Viðræður við Vegagerð um veghald á nýjum vegum í kjölfar Stjórnunar- og verndaráætlunar VJB standa enn yfir, lítið hefur þokast.
 - g. Þjónustusvæði við Dettifoss. Heimild er komin frá Norðurþingi og Skútustaðahreppi til vinnslu deiliskipulags. Umræða um mögulegar bygginarlóðir utan landareignar Landeigendafélags Reykjahlíðar. Þjóðgarðsvörður sendi gögn til fulltrúa svæðisráðs um kort og þær skipulagstillögur sem unnar hafa verið fyrir svæðið. Málið verði tekið upp á áætluðum fundi svæðisráðs með stjórn VJB í desember á Norðurlandi.
4. Deiliskipulag vinnusvæðis vegna vegalagningar á milli Ásbyrgis og Dettifoss að vestan. Stella vill heldur sjá lóðina vestan við námu, fjær Ásbyrgi en núverandi tillaga gerir ráð fyrir. Annars ekki gerð athugasemd varðandi skipulagstillöguna, en áhersla verði lögð á fráveitu og allan frágang.
 5. Fjárlagagerð. 1,5% hagræðingarkrafa í rekstri, framkvæmdaliður skorinn niður í 79M voru 180M á síðasta ári.
 6. Önnur mál.
 - a. Kísilvegur í núverandi tillögu á leið út af Vegaáætlun. Sigurjón vill koma á framfæri mikilvægi þess að vegurinn verði áfram á Vegaáætlun, sem hluti af aðkomuleið í þjóðgarðinn og hringleið.